



## Fundargerð

**12. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn á Teams, 7. júlí 2023 og hófst hann kl. 8:00.**

**Mætt voru:** Helgi Kjartansson formaður, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir og Gestur Þór Kristjánsson. Sandra Sigurðardóttir var fjarverandi. Þá sat fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður Héraðsnefndar.

### 1. Fundarsetning

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

### 2. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga

Á aukafundi Héraðsnefndar Árnesinga (HÁ) sem haldinn var 24. maí 2023 var samþykkt að kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að leigja húsnæðið að Hellismýri 8 undir starfsemi safnsins. Öll sveitarfélög sem aðild eiga að Héraðsnefnd hafa tekið málið fyrir, sjö sveitarfélög hafa samþykkt að Héraðsnefnd leigi umrætt húsnæði en eitt sveitarfélag hefur hafnað að húsnæðið verði leigt. Í ljósi þess að í 10. grein stofnsamþykta HÁ kemur fram að samþykki allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna þurfi til að ákvarðanir um skuldbindingar öðlist gildi er ljóst að ekki getur orðið að því að húsnæðið að Hellismýri 8 á Selfossi verði leigt undir héraðsskjalasafnið. Formanni falið að tilkynna eignda húsnæðisins að Hellismýri 8 og forstöðumanni héraðsskjalasafnsins um niðurstöðu málsins.

### 3. Samningur um Fablab

Samningur sem Héraðsnefnd gerði árið 2018 við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Fjölbautaskóla Suðurlands (Fsu) og Háskólafélag Suðurlands (HFSu) um uppsetningu og rekstur Fablab verkstæðis hjá FSu er runninn út. Formaður kynnti samningsdrög HÁ við HFSu um áframhaldandi rekstur Fablab smíðju í FSu til ársins 2028.

Framkvæmdastjórn HÁ samþykkir að gerðar verði ákveðnar breytingar á samningsdrögum og felur formanni að undirrita samninginn með fyrirvara um samþykki haustfundar Héraðsnefndar.

#### **4. Stjórnskipulag Héraðsnefndar**

Á vorkundi Héraðsnefndar Árnesinga sem haldinn var 28. apríl 2023 var samþykkt að fela framkvæmdastjórn Héraðsnefndar að skoða betur þá valkosti sem kynntir hafa verið og koma með tillögu að stjórnfyrirkomulagi Héraðsnefndar. Þá samþykkti haustfundurinn að setja fjármagn í sérfræðiaðstoð við þá vinnu og koma með tillögu að stjórnfyrirkomulagi Héraðsnefndar fyrir næsta haustfund.

Framkvæmdastjórn felur formanni að ræða við Lögmenn Suðurlands um að taka að sér þá vinnu sem framundan er varðandi breytingu á stjórnfyrirkomulagi Héraðsnefndar.

#### **5. Fjárhaldsmaður Héraðsnefndar**

Fyrir liggur að Ingibjörg Garðarsdóttir er að hætta störfum hjá Sveitarfélaginu Árborg. Framkvæmdastjórn samþykkir að Ingibjörg verði fjárhaldsmaður HÁ, amk. fram að áramótum.

#### **6. Næsti fundur**

Formaður mun boða næsta fund sem stefnt er á að halda í ágúst.

Fundi slitið kl. 08:45

Helgi Kjartansson, ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson

Kjartan Björnsson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Gestur Þór Kristjánsson

Ingibjörg Garðarsdóttir